


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	<b>ENSK2RM05</b> <b>Námsáætlun Haustönn 2019</b>	

<b>Kennari</b>	Jónas Jónsson og Karen Malmquist	<b>Sk.st.</b>	JÓJ / KMQ
----------------	----------------------------------	---------------	-----------

### Áfangalýsing:

Áhersla er lögð á að nemandinn verði vel læs á flóknari texta en í undanföllum og geti tjáð hugsun sína skýrt og rökstutt hana í ræðu og riti. Áhersla er lögð á lestur texta með það fyrir augum að byggja upp virkan og hagnýtan orðaforða. Nemandinn vinnur sjálfstætt að viðameiri ritunarverkefnum svo sem rökfærsluritgerð eftir hefðbundinni uppsetningu og kynningum á þematengdu efni sem fela í sér öflun upplýsinga á bókasafni og af neti. Lestur og túlkun bókmenntaverka.

### Markmið:


- Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:
  - helstu menningarsvæðum þar sem enska er notuð sem móðurmál eða fyrsta mál
  - orðaforða til markvissrar notkunar í námi
  - túlkun bókmenntaverka
  - rithefðum sem við eiga í textasmíð, m.a. um inngang með efnisyfirlingum, meginmál með vel afmörkuðum efnisgreinum og niðurlagi
  - dýpri merkingu texta
- Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:
  - lesa margs konar texta, bæði fræðilega og bókmenntalega, sér til gagns og ánægju
  - beita þeim lestraraðferðum sem við eiga eftir gerð texta eða viðfangsefnis
  - tjá sig skýrt, munnlega og skriflega. um málefni sem hann hefur kynnt sér
  - rita rökfærsluritgerð samkvæmt hefðbundnum aðferðum
- Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:
  - skilja daglegt mál, fjölmiðlaefni, inntak erinda, fræðigreinar og annað flóknara efni
  - taka þátt í skoðanaskiptum, færa rök fyrir máli sínu og svara gagnrýni á viðeigandi hátt
  - eiga frumkvæði í samræðum og bregðast við óundirbúnum spurningum og athugasemdum
  - tjá sig á skýran og áheyrilegan hátt fyrir áheyrendum
  - skrifa margs konar texta og fylgja þeim rithefðum sem við eiga í textasmíð, m.a. um inngang með efnisyfirlingum, meginmál með vel afmörkuðum efnisgreinum og niðurlagi

### Námsgögn:

*English for Writing, Speaking and Literature - ENSK2RM05.* Fjölrítað hefti, fæst á skrifstofu skólans. *Warhorse* eftir Michael Morpurgo, útgefandi Egmont 2017

### Námsmat og vægi námsþátta:

<b>Matsform:</b>	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
<b>Námsmatsþættir</b>	<b>Lýsing námsmatsþátta</b>		<b>Vægi</b>
<b>Skáldverk</b>	<i>War Horse</i> : Munnlegt próf (10%), skriflegt verkefni (5%), framsöguverkefni (hópverkefni) (5%), efnispróf (5%).		25%
	Smásagan "The Secret Life of Walter Mitty": Verkefni		5%
<b>Ritun</b>	Ritgerð byggð á efnisyfirlingum (15%), skil á beinagrind (2,5%), skil á uppkasti (2,5%).		20%
<b>Annað</b>	Ýmis verkefni (orðaforði / ritun / þýðingar) unnin heima og í tímum.		10%
<b>Skriflegt</b>	Lokapróf úr textum og orðmyndun.		40%
<b>Samtals:</b>			<b>100%</b>

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	<b>ENSK2RM05</b> <b>Námsáætlun Haustönn 2019</b>	


#### Áætlun um yfirferð:

<b>Lota 1</b> 4. jan – 19. jan	<b>Kynning</b> áfanga og námsáætlunar. Unnið með texta í <i>English for Writing, Speaking and Literature</i>	Ýmis verkefni unnin heima og í tímum í tengslum við textana sem lesnir eru.
<b>Lota 2</b> 22. jan – 23. feb	<b>Ritun:</b> Undirbúningur ritgerðar. Farið yfir þann hluta heftis sem fjallar um samningu efnisgreina og ritgerða. Fjallað um heimildaskráningu.	Nemendur skila <b>beinagrind að ritgerð (2,5%)</b> og síðan <b>uppkasti</b> með tékklista (2,5%). Að lokum skila þeir <b>fullunninni ritgerð</b> sem byggð er á efnisyfirlingu (Thesis Statement) og sett upp á hefðbundinn máta (15%).
<b>Lota 3</b> 26. feb – 23. mars	<b>Skáldverk – skáldsaga:</b> Lesin skáldsaga og unnið með hana, einstaklingsbundið og í hópum. Leshringir og hópavinna.	Munnlegt próf (10%), framsöguverkefni (5%), efnisspurningar (5%) auk skriflegs verkefnis (5%) í lok lotunnar.
<b>Lota 4</b> 4. apríl – 27. apríl	<b>Textar og orðmyndun:</b> Unnið með texta og orðmyndun í textahefti.	Ýmis verkefni unnin heima, í tímum eða á Moodle.
<b>Lota 5</b> 2. maí – 9. maí	<b>Skáldverk – smásaga:</b> Smásagan "The Secret Life of Walter Mitty" lesin og tímaverkefni unnið úr henni.	Verkefni úr "The Secret Life of Walter Mitty" (5%)

Nemendum ber að skila öllum verkefnum sem sett eru fyrir og halda sig innan þeirra marka sem kveðið er á um mætingu. Skilafrestur rennur út á miðnætti á skiladegi nema annað sé tekið fram. Skilafrestur verður ekki framlengdur. Nái nemandi ekki að skila á réttum tíma þá lækkar einkunn um hálfan (0,5) næstu fimm virka daga. Eftir það eru skil ekki heimil. Lágmarkseinkunn í áfanganum er 5 (þ.e. 45% til 54% markmiða náð). Allir nemendur þurfa að taka lokapróf.

Verði nemandi uppvís að ritstuldi við samningu ritgerða eða annarra verkefna, fær hann einkunnina 0,0 fyrir viðkomandi verkefni. Endurtekin brot geta varðað brottvikningu úr áfanganum.

Dagsetning: 16. ágúst 2019

  
Undirritun kennara

  
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils